

kr. 8100.00, ásamt 5% ársvöxtum frá 1. marz 1935 til greiðsludags, og kr. 543.50 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 3ja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 7. marz 1938.

Nr. 154/1937. Sigurður Ólason f. h. ríkisspítalanna
(Einar B. Guðmundsson)
gegn

Seyðisfjarðarkaupstað
(Lárus Jóhannesson).

Um skyldu hreppsfélags til greiðslu spítalakostnaðar.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 15. des. f. á., hefir krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 205.00 með 6% ársvöxtum frá 18. maí 1937 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi hefir krafizt staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann. Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 150 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.
Áfrýjandi, Sigurður Ólason f. h. ríkisspítal-

anna, greiði stefnda, Seyðisfjarðarkaupstað, 150 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. nóv. 1937.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þm., er skv. heimild í 82. gr. l. nr. 85 1936 höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útg. 18. maí 1937 af cand. jur. Sigurði Ólasyni hér í bæ f. h. ríkisspítalanna gegn Seyðisfjarðarkaupstað til greiðslu kröfu að upphæð kr. 205,00 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Stefnundur krefst sýknu og málskostnaðar að skaðlausu.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina: Hinn 1. febrúar 1916 fæddist stúlkan Auður Björnsdóttir á Seyðisfirði. Sama ár fluttist hún ásamt foreldrum sínum til Norðfjarðar, og mun faðir hennar um það leyti eða litlu síðar hafa farið sem sjúklingur á heilsuhælið á Vífilstöðum. Á árinu 1929 fluttist Auður með móður sinni til Hafnarfjarðar. Þann 8. febrúar 1932 kom Auður sem berklasjúklingur á Farsóttahúsið í Reykjavík og dvaldist þar þangað til 9. maí 1933, að hún fór heim til móður sinnar í Hafnarfirði. Var hún þá sæmilega hress og fær til léttustu verka, að því er segir í vottorði Björns Gunnlaugssonar læknis, dags. 5. okt. 1937. Í september 1933 var Auður orðin sjúk aftur og fór þá á heilsuhælið á Vífilstöðum og dvaldi þar til dánardægs, 10. maí 1936. Heilsuhælið greiddi kr. 205.00 upp í útfararkostnað hinnar látnu, þareð aðstandendur hennar gátu ekki kostað útförina, nema að nokkru leyti, og deila var um það, hvaða framfærsluhéraði bæri að kosta útförina. Að athuguðu máli töldu fyrrsvarsaðiljar hælisisins (skrifstofa ríkisspítalanna, þ. e. stefnandi) þó, að Seyðisfjarðarkaupstað (stefndum) bæri að endurgreiða hælínu þenna kostnað, og þareð bæjarstjórnin þar var ófánleg til þess, höfðaði stefnandi mál þetta til greiðslu hins útlagða útfararkostnaðar og gerir í því áðurgreindar kröfur.

Byggir stefnandi kröfu sína gegn stefndum aðallega á því, að hann eigi kröfuréttarlegan aðgang að honum um

greiðslu skuldarinnar, þaræð stefndur hafi a. m. k. óbeint tekið á sig ábyrgð á kostnaði þeim, er leiddi af hælissvist Auðar sálugu.

Stefndur neitar því eindregið, að hann hafi nokkurn tíma tekizt á hendur neina skyldu gagnvart stefnanda um greiðslur vegna Auðar sál. um fram það, sem sér hafi verið skylt skv. gildandi lögum á hverjum tíma.

Í málinu er upplýst, að Hafnarfjarðarkaupstaður veitti Auði sál. tvívegis nokkurn styrk til fatakaupa, og að stefndur endurgreiddi Hafnarfjarðarkaupstað hann, þó aðeins að $\frac{2}{3}$ hlutum í annað skiptið. Önnur afskipti verður ekki séð, að stefndur hafi haft af Auði sál. Og með því að stefndur þykir ekki með þessum greiðslum hafa gefið stefnanda nokkra ástæðu til að ætla, að hann vildi greiða með Auði sál. eða vegna hennar meira eða lengur en honum kynni að vera það skylt að lögum sem framfærslusveit hennar, þá þykir ekki unnt, gegn mótmælum stefnds, að taka kröfu stefnanda til greina af þessari ástæðu.

Til vara byggir stefnandi kröfuna á því, að stefndur hafi verið hin rétta framfærslusveit Auðar sál., þegar hún andaðist. Stefndur hafi verið framfærslusveit hinnar látnu, er hún fór á hælið, og geti ákvæði hinna nýju framfærslulaga nr. 135 frá 1935 því ekki haft þau áhrif, að stefndur sem framfærslusveit hennar geti losnað undan framfærsluskyldunni né hinum umstefnda kostnaði, og skyldan til greiðslu hans flutzt yfir á dvalarsveitina.

Stefndur heldur því hinsvegar fram, að með gildistöku hinna nýju framfærslulaga hafi hann losazt undan öllum skyldum sínum sem framfærslusveit Auðar sál.

Í 12. gr. hinna nýju framfærslulaga er svo ákveðið, að sérhver íslenzkur ríkisborgari, eldri en 16 ára, eigi framfærslurétt í heimilssveit sinni, þ. e. þar sem hann hafi fast aðsetur og greiði almenn gjöld. Í 13. gr. sömu laga er svo ákveðið, að meðan menn dvelji í skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli o. s. frv. eigi þeir framfærslurétt í þeirri sveit, er var lögheimili þeirra, þ. e. heimilissveit, þegar dvölin á þessum stofnunum hófst. Í 79. grein laganna segir loks, að um alla þá, sem séu á sveitarframfæri við gildistöku laganna, komi ákvæði þeirra til framkvæmda þegar í stað.

Í máli þessu verður að telja upplýst, að Hafnarfjörður hafi verið heimilissveit hinnar látnu, þegar dvöl hennar

á hælinu hófst, og hafi því verið það í merkingu framfærslulaganna þangað til hún andaðist, og þareð enginn fyrirvari er gerður um sjúklinga í 79. gr. framfærslulaganna, sem áður er rakin, verður rétturinn að lita svo á, að stefndur hafi losnað við framfærsluskyldu gagnvart Auði sál. við gildistöku þeirra, eða frá 1. janúar 1936, og á greftrunarkostnaði hennar hefir stefndur eigi tekið sérstaklega ábyrgð.

Verða málalok því þau, að stefndur verður sýknaður af kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Seyðisfjarðarkaupstaður, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurðar Ólafssonar f. h. ríkisspítalanna, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 14. marz 1938.

Nr. 136/1937. **Guðmundur Þorvaldsson**
 gegn

Guðrúnu Pétursdóttur.

Barnsfaðernismál.

Úrskurður hæstaréttar.

Málsaðiljum kemur saman um það, að áfrýjandi hafi komið tvisvar á heimili stefndu í septembermánuði 1935. Heldur stefnda því fram, að þau hafi í bæði þessi skipti haft líkamlegar samfarir, en áfrýjandi fullyrðir, að ekki hafi orðið af samförum þeirra á milli í síðara skiptið, sökum þess að þá hafi verið rúmfastur kvenmaður heima í herbergi stefndu. Stefnda hefir hinsvegar neitað því, að nokkur kvenmaður hafi þá verið rúmliggjandi í her-